

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. maí 2010 02-2010041096
T-ums 41/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga - 569. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 28. apríl 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga - 569. mál.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst að styrkja minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum en umræða um hana hefur aukist á undanförunum árum.

Ríkisskattstjóri fagnar því að auka eigi minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum og telur þau ákvæði frumvarpsins sem að því lúta skynsamleg og þörf.

Í 1.gr., a-lið 3. gr., 5., 15., 17. og 18. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra geti framselt til hlutafélagaskrár annars vegar vald til að víkja frá innköllunarskyldu vegna lækkunar hlutafjár og hins vegar vald til að veita undanþágu frá reglum um heimilisfesti stofnenda hlutafélaga og einkahlutafélaga og undanþágu frá því hverjir geti verið stofnendur einkahlutafélaga og hlutafélaga.


Vegna þessa verkefnatilflutnings vill ríkisskattstjóri að fram komi að það er álit hans að hjá hlutafélagaskrá liggja meiri upplýsingar um skráða lögaðila en í ráðuneytinu og að þar sé auðveldara að byggja upp sérþekkingu sem nauðsynleg er til að sinna þessum verkefnum. Verði frumvarpið að lögum megi þannig gera ráð fyrir faglegrí umfjöllun og afgreiðslu á þeim undanþágubeiðnum sem berast. Á hinn bóginn verður ekki litið framhjá því að í dag eru ekki starfandi hjá hlutafélagaskrá sérfræðingar í þessum málum. Mikið aðhald hefur verið í ráðningum til embættisins og allt útlit fyrir að svo verði enn um sinn enda gerð mikil krafa til niðurskurðar og aðhalds í fjármálum opinberra stofnana. Hlutafélagaskrá er þannig ekki, eins og staðan er í dag, í stakk búin til að taka við auknum verkefnum ekki hvað síst þegar litið er til þess að í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins kemur fram að ekki verði séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóðs. Aukning í útgjöldum verður e.t.v. ekki á heildina fyrir ríkissjóð en rétt er að benda á að hér er verið að leggja til verkefnatilflutning frá ráðuneyti til undirstofnunar án þess að ljóst sé hvort að þeim tilflutningi fylgi fjármunir svo að stofnuninni sé kleift að rækja verkefnið eins og til er ætlast.


Í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er kveðið á um að stofnendur hlutafélaga og einkahlutafélaga, geti verið

einstaklingar, íslenska ríkið, stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaða ábyrgð, skráð sameignarfélög og sjálfseignarstofnanir. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessum skilyrðum þó geta fyrrgreind félög og stofnanir sem eru heimilisföst í EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum verið stofnendur hlutafélaga og einkahlutafélaga, án undanþágu ráðherra. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins er tekið sem dæmi að undanþága geti þannig verið veitt frjálsum félagasamtökum þannig að slík samtök geti verið stofnendur hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Ríkisskattstjóri varar mjög eindregið við þeirri túlkun sem þarna er sett fram og bendir á að frjáls félagasamtök geti verið mjög óformbundinn félagsskapur þar sem félagsmenn hafa ekki fjárhagslegan ávinning af félagsstarfmu og félagasamtökin sem slík eru ekki í atvinnurekstri. Það er álit ríkisskattstjóra að ef opnað verði fyrir þann möguleika sem fram kemur í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að frjáls félagasamtök geti verið meðal stofnenda einkahlutafélaga og hlutafélaga þá sé verið að búa til nýjar leiðir til að gera mönnum kleift að fela eignarhald. Slíkt væri ákaflega varhugavert og ekki við hæfi eins og ástandið er nú í íslensku þjóðfélagi.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Skúli Jónsson


Guðrún J. Jónsdóttir